

Alþingi
Erindi nr. P/139/1430
komudagur 22. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2011
Tilvísun: 201102-0025

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Eins og fram kom í fyrri umsögn um sama mál 2003, leggst ASÍ gegn því að mikilvægum réttindum og skyldum í ráðningarsambandi sé breytt með þeim einhliða hætti sem frumvarpið ber með sér.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2011


Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 311, um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Ríkisstarfsmenn búa við það að réttindi þeirra og skyldur er ákvörðuð í lögum meðan aðrir launamenn, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða hjá sveitarfélögum semja um slíkt í kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Rétt er að minna á að í lögnum er ekki einungis fjallað um réttindi ríkisstarfsmanna heldur einnig skyldur þeirra, sbr. 17. og 19. grein laganna.

Með vísan til þessa telur Bandalag háskólamanna ótækt að greiðar séu einhliða breytingar á ráðningarkjörum ríkisstarfsmanna án þess að samráð sé haft við samtök þeirra og leggst þegar af þeirri forsendu gegn frumvarpi þessu.

Jafnframt leggst BHM gegn þeirri tillögu að stjórnarsýslulög skuli ekki gilda um uppsagnir starfsmanna ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bandalags háskólamanna



Stefán Aðalsteinsson.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1429
komudagur 22. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2011

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, þskj. 378 – 311. mál

BSRB leggst alfarið gegn frumvarpinu og óskar þess eindregið að það verði dregið til baka. Að öðru leyti hefur umsögn BSRB um efnið ekki breyst frá því bandalagið sendi inn sameiginlega umsögn með BHM og KÍ vegna frumvarps sem var lagt fram á 130. löggjafarþingi, mál 307.

Því er mótmælt harðlega að löggjafinn taki sér það vald í hendur að taka einhliða ákvörðun um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sé það svo að hið virðulega fjármálaráðuneyti telji vanda vera fyrir höndum í málefnum starfsmanna ríkisins er mikilvægt að allar slíkar samræður fari fram við samtök starfsmanna þess. BSRB hefur einnig opinberlega bent á það að í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð stjórnýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segi að einungis riflega 50 prósent stjórnenda í opinberum stofnunum nýta sér þau tæki til mannauðsstjórnunar sem þeir hafa yfir að ráða.

Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt og nú að launafólk sé varið gegn órökstuddum og ómálefnalegum uppsögnum. Ef ekki væri einmitt fyrir þá vörn sem starfsmenn ríkisins hafa gegn geðþóttaákvörðun varðandi starfslok þeirra er hætt við að upp komi fjöldi atvika sem leiði til þess að umræða um starfslok ríkisstarfsmanna yrði á sama veg og háværar umræður eru nú um stöðuveitingar hjá ríkinu.

BSRB telur því tillöguna um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verulega vanhugsaðar. Bandalagið leggur áherslu á að áður en gripið er til aðgerða til að leysa meintan vanda í starfsmannamálum ríkisins þurfi að greina hvort vandinn sé raunverulega fyrir hendi og þá hver hann er.

Að öðru leyti vísar bandalagið til áðurnefndar umsagnar þess við frumvarp sama efnis er lagt var fram á 130. löggjafarþingi.

Fyrir hönd BSRB

Handwritten signature of Helga Jónsdóttir in black ink.
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 139/1406
komudagur 18. 2. 2011

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Alþingi Íslendinga
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi 18. febrúar 2011

Efni: Umsögn um framvarp frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Vísað er til erindis dags. 7. febrúar 2011 frá efnahags- og skattanefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana vegna frumvarps til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 311. Mál.


Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem miða að því að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það sama efnis og frumvarp sem lagt var fram á 130. löggjafarþinginu (mál nr. 307) en það hlaut ekki afgreiðslu. Umsögn FFR sem send var Alþingi þá er nú send aftur óbreytt í viðauka með þessu bréfi og er óskað eftir að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram við meðferð frumvarpsins sem nú er óskað eftir umsögn um. Jafnframt er ítrekað það mat FFR að ganga þurfi lengra og vinna að heildarendurskoðun laganna.

(sjá <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?ithing=130&malnr=307&dbnr=811&nefnd=ev>)

Til viðbótar við framangreint vill FFR benda á skýrslu Ríkisendurskoðun til Alþingis sem kom út í janúar 2011 og nefnist „Mannauðsmál ríkisins – Starfslok ríkisstarfsmanna“. (Sjá: http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/mannaudur_starfslok.pdf). Í skýrslunni eru meðal annars birtar niðurstöður könnunar sem gerð var meðal forstöðumanna ríkisstofnana á árinu 2010. Þar kemur t.d. fram að núverandi starfsmannalög setja forstöðumönnum ríkisstofnana ýmsar skorður t.d. þegar kemur að hagræðingu í ríkisrekstri.

Fyrir hönd Félags forstöðumanna ríkisstofnana


Magnús Guðmundsson
formaður FFR

Viðauki

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

ALÞINGI ÍSLENDINGA
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík 17. janúar 2004.

Efni: Umsögn Félags forstjóðumanna ríkisstofnana um frumvarp til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Félag forstjóðumanna ríkisstofnana hefur borist til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, frumvarp um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. 307. mál, þingskijal nr. 352. Af því tilefni sendir Félag forstjóðumanna ríkisstofnana svohljóðandi

u m s ö g n:

Fyrirliggjandi frumvarp hefur það aðallega að markmiði að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem er á almennum vinnumarkaði. Breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru að sumu leyti óheppilegar. Þannig hafa ákvæði 21. gr. núgildandi laga um mægt verið erfið í framkvæmd og til þess fallin að draga úr skilvirkni ríkisins í starfsmannamálum.

Með frumvarpinu er verið að hverfa til fyrra réttarástandi og það fært til svipaðs horfs og var á árunum 1974 – 1996. Er ekki kunnugt um að það hafi valdið teljandi vandkvæðum í ríkisrekstri eða verið ríkisstarfsmönnum í heild sinni einhver ógn. Staðreyndin er vitaskuld sú að langflestir ríkisstarfsmenn eru hæfir starfsmenn og vinna sín verkefni af alúð í samræmi við gildandi lög og stjórnsýsluhætti. Þegar svo hregður út af er með núgildandi lagaákvæðum mjög viðurhlutamikið að gera breytingar á starfsmannakaldi. Hefur því íðulega verið hreyft af hálfu forystumanna ríkisstofnana að breyta 21. gr. gildandi starfsmannalaga.

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Félag forstöðumanna ríkisstofnana styður fyrirbyggjandi frumvarpi og þeim breytingum sem nú eru lagðar til. Enda þótt áformaðar breytingar verði að lögum mun það eitt og sér ekki leiða til þess að forstöðumenn ríkisstofnana leiti ekki hefðbundinna leiða við lausn á starfsmannavandamálum, þegar starfsmaður hefur annað tveggja sýnt af sér háttsemi sem er aðfinnsluverð eða hefur ekki lengur nauðsynleg tök á starfi sínu. Almenn starfsmannaúrræði eiga þar vitaskuld áfram við, svo sem endurbæfing, endurmenntun, áminning eða fortölur. Með því að afnema þá skylda að áminna brotlegan starfsmann er ekki þar með sagt að það úrræði verði ekki notað ef það þykir henta eða er líklegt til að bera árangur. Starfsmannastjórnun þarf eðli máls samkvæmt að hafa nauðsynlegan sveigjanleika og núgildandi ákvæði hafa dregið þar úr. Almenn leita stjórnendur allra leiða til að leysa starfsmannamál án uppsagnar starfsmanns og skiptir þá engu hvort um opinberar stofnanir eða einkafyrirtæki er að ræða. Slikt er eðli máls samkvæmt neyðarúrræði sem ætla verður að heilt sé af varúð og hófsemi.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar hefur verið tekið til umfjöllunar hjá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi hefur stjórn félagsins rætt frumvarpið rækilega. Í öðru lagi var öllum félagsmönnum sent frumvarpið til athugasemda og ábendinga og bárust stjórn félagsins tæplega 30 athugasemdir. Í þriðja lagi var boðað til almenns félagsfundar þ. 15. janúar 2004 þar sem frumvarpið var aðalræðuefnið. Sóttu þann fund 53 félagsmenn og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana.

Allir félagsmenn Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem tjáð hafa sig um frumvarpið hafa lýst sig fylgjandi 1. gr. frumvarpsins, breytingunum á 21. gr. laganna. Þrír eða fjórir félagsmenn hafa galdið varhug við breytingum sem lagðar eru til í 2. og 3. gr. frumvarpsins en aðrir forstöðumenn ríkisstofnana sem hafa svarað stjórn félagsins, sótt fund um málefnið eða tjáð sig á annan hátt, alls um 80 manns, hafa lýst sig fylgjandi frumvarpinu í heild sinni. Sérstaklega var kannað á félagsfundi hvort einhverjir væru á móti fyrirbyggjandi frumvarpi og var það enginn. Þá komu þau sjónarmið fram á áðurgreindum félagsfundi að of skammt væri gengið með frumvarpi fjármálaráðherra. Einkum eru það ákvæði 7. gr. laganna um birtingu nafna þeirra sem sækja um starf hjá hinu opinbera sem eru talin umhugsunarverð og kanna að hafa dregið úr áhuga hæfileikaríkra einstaklinga að sækja um stöður sem lausar eru hjá ríkisstofnunum.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana mælir með samþykkt frumvarpsins en telur jafnframt að vel hefði mátt ganga lengra og breyta ýmsum öðrum ákvæðum

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

starfsmannalaganna. Hvetur félagið því til þess að hugað verði að heildarendurskoðum laganna.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þórðarson
formaður FFR


Sölvi Sveinsson
ritari FFR


Margrét Hallgrímsdóttir
meðstjórnandi FFR


Björn Karlsson
varastjórn FFR



Þegar mest á reynir

www.hjukrun.is

Reykjavík 24. febrúar 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 311. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Stjórn Fíh tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í yfirlýstum tilgangi með framlagningu frumvarps þessa að aukinn sveigjanleiki í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins sé af hinu góða. Einnig að fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt og að hæfustu einstaklingarnir veljist í hverja stöðu. Stjórn Fíh leggur hins vegar áherslu á að aðrar einfaldari og árangursríkari leiðir eru færar til að ná fram umræddum sveigjanleika. Nýleg könnun meðal forstöðumanna ríkisstofnana sýnir til dæmis að mikill minnihluti þeirra nýtir starfsmannasamtöl sem stjórnæki. Meiri kröfur til forstöðumanna stofnana um beitingu þeirra stjórnækja sem til staðar eru í starfsumhverfi stofnana ríkisins myndi ná sama árangri og næðist með þeim tillögum sem lagðar eru fram í frumvarpinu.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins:

1.gr. Stjórn Fíh leggst alfarið gegn því að áminningarskyldan skv. 21. gr. verði lögð af en telur að rétt kunní að vera að veita heimild til þess að veita munnlega áminningu þar sem starfsmanninum væri gefinn kostur á að tala máli sínu. Starfsmaðurinn ætti þá rétt á að hafa trúnaðarmann/fulltrúa stéttarfélags viðstaddan þegar slík munnleg áminning væri veitt. Gera verður þá kröfu til stjórnenda stofnana að rik og málefnaleg ástæða sé fyrir áminningu og/eða uppsögn á starfi. Ef brot/yfirsjón starfsmanns telst „alvarleg“ þá hefur yfirmaður heimild til þess að víkja starfsmanni úr starfi án áminningar – en starfsmaðurinn á rétt á rökstuðningi fyrir slíkri tafarlausri brottvikningu.

2.gr. Með óbreyttri 21. gr. helst 4. mgr. 26. gr. laganna einnig óbreytt.

3.gr. Stjórn Fíh leggst gegn breytingu á 38. gr. laganna.

4.gr. Að óbreyttri 21. gr. laganna helst 44. gr. laganna einnig óbreytt. Stjórn Fíh leggur áherslu á að stjórnslúslögin gildi um allar stjórnvaldsákvæðanir stjórnenda stofnana og að ófært sé með öllu að losa stjórnendur undan ákvæðum stjórnslúslaga.

5.gr. Að óbreyttri 21. gr. laganna helst 51. gr. laganna einnig óbreytt.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1501
komudagur 25. 2. 2011



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2011

Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst tölvupóstur frá Efnahags- og skattanefnd Alþingis, dagsettur 7. febrúar, þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Lög nr. 70 1996 fjalla m.a. um ráðningarkjör starfsmanna ríkisins. Aðrir launamenn njóta þeirra grundvallarréttinda að semja um þessi kjör í kjara- og ráðningarsamningum. Það er með öllu ólíðandi ef alþingi ætlar með lagabreytingu að breyta einhliða ráðningarkjörum starfsmanna ríkisins. Meðan ríkisstarfsmenn verða að lúta því einir launamanna að ráðningarkjörum þeirra sé skipað með lögum er það lágmarkskrafa að um slíkar breytingar sé haft samráð við samtök þeirra.

Efnislega leggst félagið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum nr. 70/1996 og telur að breytingar á ákvæðum 21. gr. og 44. gr. um áminningarskyldu komi ekki til greina meðan enn eru í gildi íþyngjandi ákvæði eins og t.d 17. og 19. grein nefndra laga. 17. greinin fjallar um yfirvinnukvöð en sú 19. um rétt stofnanna til að breyta einhliða ráðningarkjörum og hafa starfsmenn einstakra stofnanna fengið ótæpilega að kenna á því. Einnig mótmælir félagið þeirri tillögu að ekki þurfi að fara að stjórnáslögum við uppsögn starfsmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1505
komudagur 25. 2. 2011



FÉLAG PRÓFESSORA
VIÐ RÍKISHÁSKÓLA

24. febrúar 2011

Efnahags- og skattanefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi Íslendinga
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (þingskjal 378, mál 311), þingmannafrumvarp.

Að hálfu efnahags- og skattanefndar Alþingis hefur þess verið farið á leit við stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla að gefin verði umsögn um ofangreint frumvarp.

Meginmarkmið frumvarpsins eru: „Í fyrsta lagi að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Í öðru lagi að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana og möguleika þeirra til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald, sem og að gera auknar kröfur til þeirra og auka ábyrgð þeirra. Í þriðja lagi að fella brott ýmis úrelt ákvæði eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“ og er frumvarpið endurflutt stjórnarfrumvarp fjármálaráðherra fyrri ríkisstjórnar.

Meginefni frumvarpsins er að forstöðumaður ríkisstofnunar þarf ekki að áminna starfsmann fyrir mistök í starfi áður en honum er sagt upp. Þarf þá forstöðumaður ekki lengur að rökstyðja hvers vegna hann segir upp starfsmanni, og getur geðþótti forstöðumanns ráðið hverju sinni. Þetta er andstætt vandaðri og gagnsærri stjórnsýslu og skynsamlegri notkun almannaþjárfar, enda þurfa gildar ástæður að liggja að baki þegar forstöðumaður fýsir að vika starfsmanni stofnunar.

Nýtt ákvæði frumvarpsins er breyting á 26. grein laga nr. 70/1996 og er lagt til að „4. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: *Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ekki er skylt að gefa embættismanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.*“ Þarna er ráðist með beinum hætti að eðli starfs prófessora, sem eiga að vera sjálfstæðir í starfi, njóta akademísks frelsis í kennslu og rannsóknnum og tjá sig í samræmi við akademískar hefðir með vísindi og sannleika að leiðarljósi. Í greinargerð er þess sérstaklega getið að ákvæðið eigi að nota þegar starfsmaður sýnir yfirmanni „óhlyðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns“ og er það lagt að jöfnu við óreglu í starfi og önnur brot. Hafa verður í huga að rektor Háskóla Íslands hefur oft verið beittur þrýstingi og stundum hótunum þriðja aðila til að hafa áhrif á talað og ritað mál starfsmanna sinna, bæði opinberlega

og á einkafundum. Fram til þessa hafa rektorar Háskóla Íslands ekki látið slíkan þrýsting eða hótanir hafa áhrif á embættisfærslu sína. Ofangreint ákvæði gerir kleift að refsastarfsmanni með hótunum eða uppsögn ef hann aflar eða miðlar upplýsingum, sem yfirboðara þykja óþægilegar og vill halda í þagnargildi. Slíkar aðstæður og andrúmsloft stríðir gegn eðli starfa prófessora (og raunar einnig annarra opinberra starfsmanna). Rétt er að minna á að í vestrænum lýðræðisríkjum eru prófessorar almennt sjálfstæðir í starfi og njóta frelsis akademíunnar við rannsóknir, kennslu og aðra upplýsingagjöf og er árangur háskólastarfseminnar bæði í fortíð og nútíð undir því kominn.

Að lokum má minna á að atvinnuöryggi hefur verið metið til launaauka og verið notað árum saman af stjórnvöldum og samningamönnum þeirra til að réttlæta að ríkisstarfsmenn hafi lægri laun en sambærilegir hópar á almennum markaði. Það skýtur því skökku við, að á meðan laun ríkisstarfsmanna, sérstaklega þeirra háskólamenntuðu, ná ekki launum á almennum markaði, skulu koma fram tillaga sem eykur enn starfskjaramun hjá ríki og á almennum markaði.

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla telur að ofangreint frumvarp sé vanhugsað og leggur eindregið til að það verði fellt.

F.h. stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla,



Gísli Már Gíslason

Formaður Félags prófessora við ríkisháskóla



Félags starfsmanna Alþingis

Alþingi
Erfindi nr. P 139/2000
Lomudagur 11.4.2011

Reykjavík, 8. apríl 2011

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni: Umsögn Félags starfsmanna Alþingis um 311. mál, frumvarp til laga um breytingu á Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (uppsögn starfs).

Með tölvupósti dagsettu 7. febrúar 2011 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags starfsmanna Alþingis (FSA) um framangreint frumvarp. Stjórn FSA tók umsagnarbeiðnina fyrir á fundi sínum og veitir eftirfarandi umsögn.

Umsögnin er að miklu leyti til samhljóða umsögn FSA frá 30. janúar 2004, um 307. mál á 130. löggjafarþingi, þar sem sambærileg lagabreyting var lögð til. FSA telur tilgang frumvarpsins jákvæðan og telur verðugt verkefni að auka sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins, að ríkið hafi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt. FSA tekur undir það að auðvelda þurfi ríkinu starfsmannastjórnun og sveigjanleika og að ríkið geti eins og aðrir ráðið til sín fólk eftir því sem verkefni krefjast og að sama skapi dregið saman ef þörf fyrir starfsfólk minnkar. Þá verður ríkið, eins og hver annar atvinnurekandi, að geta sagt upp starfsmönnum sem ekki standa sig í starfi. Allt þetta stuðlar að hagkvæmni í ríkisrekstrinum og auknum gæðum þjónustunnar sem ríkið veitir.

FSA bendir hins vegar á að starfsmannalögin eru skýr um það hvernig málsmeðferð skuli vera standi starfsmenn sig ekki í starfi. Starfsmenn sem ekki standa sig í starfi eða standa ekki undir væntingum vinnuveitanda ber að áminna og bæti þeir sig ekki, ber að láta þá fara. Slíkt fyrirkomulag tíðkast jafnframt á hinum almenna vinnumarkaði. Starfsmannalögin hafa fráleitt verið gölluð að þessu leyti sökum þess að þau mæla fyrir um úrræðin. Vandamálið er að ríkið (veitingavaldshafar, forstöðumenn stofnana) hefur ekki farið eftir lögnum og hefur ríkið oft orðið skaðabótaskyldt vegna ólögmatra uppsagna.

Það vekur sérstaka athygli að breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða eingöngu að því að skerða réttindi og starfsöryggi starfsmanna ríkisins en það virðist allsendis óvíst að með þeim verði náð tilgangi frumvarpsins um að stefna að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins, þ.e. að ríkið hafi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt.

Starfsmannalögin, m.a. ákvæði 21. gr. laganna um áminningarskyldu vinnuveitanda, veita starfsmönnum í tilteknum tilvikum ákveðna vernd gegn tilviljanakenndum ákvörðunum veitingarvaldshafa. FSA áréttar að starfsumhverfi ríkisstarfsmanna er að einu leyti frábrugðið því sem gerist á almennum vinnumarkaði: Æðsti yfirmaður (veitingavaldshafi) er í flestum tilfellum pólitískur. Ásmundur Helgasonar bendir í grein sinni *Löggjöf um opinberar starfsveitingar* sem birtist í vefritinu *Stjórnsmál og stjórnsýsla* (1. tbl. 2. árg. 2006) á ástæður þess að sérstakar reglur gildi um opinberar starfsveitingar og vísar m.a. til þess að það skapi ákveðna hættu á misnotkun að opinber stjórnsýsla lýtur almennt stjórn pólitískra yfirmanna. Í grein hans segir m.a.: „Pólitískir valdhafar kunna að freistast til að koma stuðningsmönnum sínum að innan kerfisins og jafnvel losa sig við þá starfsmenn, sem þeir telja sér mótsnúna. Slíkar aðgerðir geta hins vegar dregið úr stöðugleika í stjórnkerfinu, sem er nauðsynlegur til að skapa festu og öryggi í stjórnarframkvæmd. Það er því ekki ólíklegt

að lagafyrirmæli, sem miða að málefnalegri úrlausn starfsmannamála, byggji á endanum á því að slíkar reglur séu nauðsynlegar til að stuðla að réttaröryggi og stjórnfestu í starfsemi hins opinbera.“


Ákvarðanir í starfsmannamálum stjórnsýslunnar þurfa ekki endilega að vera teknar á sömu forsendum og hjá atvinnurekendum á almennum markaði. Atvinnurekandi í samkeppnisrekstri hefur ekkert svigrúm fyrir pólitískar ákvarðanir heldur tekur ákvarðanir eingöngu á rekstrarlegum forsendum. Ákvæði starfsmannalaganna eru m.a. sett starfsmönnum til verndar gegn tilviljanakenndum ákvörðunum ráðamanna á hverjum tíma sem kunna að vera teknar í hita leiksins en á sama tíma til að tryggja starfshæfni ríkisstofnana.

Stjórn FSA hefur kynnt sér skýrslu Ríkisendurskoðunar um mannauðsmál ríkisins og starfslok ríkisstarfsmanna sem kom út í janúar sl. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnsýslulögin veiti starfsmönnum nægilega vernd og ekki þurfi sérreglur starfsmannalaga til. Beinir stofnunin því til fjármálaráðuneytis að endurskoða lagaskyldu til að áminna starfsmann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur. FSA telur með vísan til alls framangreinds ljóst að rík rök hníga að því að um opinbera starfsmenn ríki sérreglur um þetta efni. Þá telur FSA að ef markmið frumvarpsins sé að færa starfsumhverfið nær almenna vinnumarkaðnum beri að ganga lengra en lagt er til í frumvarpinu.

Engin rök eru til þess að ráðast eingöngu gegn réttindum starfsmanna en láta aðrar skyldur standa eftir óhreyfðar. Starfsmenn ríkisins bera samkvæmt lögum mun ríkari skyldur en starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Réttindi og skyldur á almennum vinnumarkaði ráðast almennt af kjarasamningum en hjá ríkinu eru lögfestar skyldur og refsíabyrgð til viðbótar við ákvæði kjarasamninga. Sem dæmi má nefna að starfsmenn ríkisins bera þyngri refsíabyrgð en aðrir skv. almennum hegningarlögum, tjáningarfrelsi þeirra er heft, atvinnufrelsi er heft, athöfnun í einkalífi eru settar skorður, verkfallsréttur er af þeim tekinn með lögum og svona mætti lengi telja. Þetta er það umhverfi sem starfsmenn Alþingis búa við í dag.

FSA telur að ef ráðast eigi í breytingar af því tagi sem lagðar eru til í frumvarpinu verði að gera heildarendurskoðun á lögum nr. 70/1996 eða jafnvel fella þau úr gildi og láta kjarasamninga gilda um réttarsamband vinnuveitanda og starfsmanns. FSA leggur þó áherslu að slík endurskoðun fari fram í fullu samráði við félög starfsmanna líkt og venja er og leggst FSA eindregið gegn því að mikilvægum réttindum og skyldum sé breytt með þeim einhliða hætti sem hér er lagður til.

Virðingarfyllst,



Hildur Eva Sigurðardóttir
formaður FSA

Alþingi
Erindi nr. P 139/1530
komudagur 25.2.2011

25.2.2011

311. mál

Efnahags- og skattanefnd

Hagsmunasamtök heimilanna þakka það traust sem þingnefndin sýnir samtökunum með beiðni um umsögn um þetta þingmál.

Stjórn samtakanna hefur fjallað um beiðnina og telur málið ekki vera á núverandi sérsviði samtakanna. Vegna þessa telur stjórnin að umsögn samtakanna hefði takmarkað glíði og munu samtökin því ekki veita umsögn um þingmálið að svo komnu máli.

Með kveðju / best regards

Friðrik Ó. Friðriksson



Alþingi
Erindi nr. P 139/1503
komudagur 25. 2. 2011

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 24. febrúar 2011.

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, 311. mál, þskj. 378, lþ. 139.

Með tölvubréfi, dags. 7. febrúar 2011, barst Jafnréttisstofu beiðni frá efnahags- og skattanefnd Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál, þskj. 378, lþ. 139.


Jafnréttisstofa telur eðlilegt að stíga varlega til jarðar ef breyta á starfsmannalögum með þeim hætti sem lagt er til með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Á opinberum starfsmönnum öllum hvíla ríkar skyldur skv. starfsmannalögum og um leið hafa þeir ákveðin réttindi. Meðal raka fyrir því að það sé ekki hægt að segja opinberum starfsmönnum upp með sama frjálsræðinu og ríkir á hinum almenna vinnumarkaði á Íslandi er t.d. nauðsyn þess að viðhalda ákveðnum stöðugleika varðandi þekkingu á málsmeðferð, málaflokkum o.s.frv.


Jafnréttisstofa bendir sérstaklega á 1. mgr. 26. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 í tengslum við þær tillögur sem fram eru lagðar í frumvarpinu, bæði varðandi starfsmenn og embættismenn. Í téðri grein kemur fram að bannað sé að mismuna umsækjendum/starfsfólki á grundvelli kyns m.a. við uppsögn. Með því að rýmka heimildir forstöðumanna og yfirboðara embættismanna með þeim hætti sem hér er lagt til, getur skapast aukin hættu á því meðal annars að ekki verði gætt að ákvæðum jafnréttislaga, ekki síst ofangreindu ákvæði í 26. gr.

Verði farið í það að rýmka heimildir og/eða einfalda leiðir varðandi uppsögn/brottvikningu opinberra starfsmanna og embættismanna vil Jafnréttisstofa þeina þeim tilmælum eindregið til þingmanna að þess verði gætt að ekki skapist aukin hættu á mismunun á grundvelli kyns með þeim nýju heimildum og málsmeðferðarreglum sem yrðu teknar upp.

Með vísan til aukinna krafna um gagnsæi og vandaða stjórnarsýsluhætti, ekki síst eftir efnahagshrunið 2008, telur Jafnréttisstofa ekki ástæðu til að breyta 44. gr. starfsmannalaga eins og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059;
Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/
+3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi

Erindi nr. P 139/1343

komudagur 15. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2011

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur ekki ályktað um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 311. mál, frumvarp til laga um tekjuafslátt (skilyrði sjómannaafsláttar) 275. mál, né þingsályktun um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, 141 mál. Stjórnin leggur hinsvegar áherslu á að góðar tillögur til uppbyggingar í efnahagsmálum séu góðra gjalda verðar og að heildarjöfnuðar sé gætt varðandi hugmyndir um að leggja niður réttindi starfsstétta.

Fyrir hönd LEB

Helgi K. Hjálmsón, formaður

Valgerður K. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, 311. mál, þingmannafrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, 311. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 7. febrúar sl.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem miða að því að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum starfsmannsins eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem leiða af starfi hans. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess sé að stefna að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins, að ríkið hafi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt. Þar kemur einnig fram að frumvarp sama efnis var lagt fram af fjármálaráðherra á 130. löggjafarþingi (2003-2004), en hlaut ekki afgreiðslu.

LÍ sendi Alþingi ítarlega umsögn um þetta frumvarp þegar það var lagt fram á 130. löggjafarþingi, sbr. bréf félagsins dags. 15. janúar 2004. Bréfið er að finna á heimasíðu Alþingis, sjá slóðina:

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=130&malnr=307&dbnr=773&nefnd=ev>


LÍ telur að í raun séu fáu við fyrri umsögn að bæta en leyfir sér þó að hnykkja á eftirfarandi atriðum:

1. Ákvæði frumvarpsins um að fella niður ákvæði starfsmannalaga um skriflega áminningu eru mjög varhugaverð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ef ákvæðið yrði fellt niður gæti geðþótti orðið leiðarljós í vinnubrögðum og framkomu yfirmanna gagnvart starfsmönnum og réttarstaða og réttarvernd þeirra verulega skert. LÍ getur ekki fallist á að skilyrði um skriflega áminningu séu hamlandi, eins og fullyrt er í greinargerð með frumvarpinu.
2. Með sama hætti eru mjög varhugaverð ákvæði frumvarpsins um að málsmeðferðarreglur stjórnslulaga skuli ekki gilda þegar kemur að uppsögn ráðningarsamnings. Málsmeðferðarreglum stjórnslulaga er ætlað að tryggja borgurum eðlilega og réttláta málsmeðferð í samskiptum sínum við stjórnvöld. LÍ telur það í meira lagi sérkennilegt ef starfsmenn ríkisins í samskiptum sínum við ríkið sem

atvinnurekanda eigi að njóta lakari réttarstöðu en borgarar almenn njóta í samskiptum sínum við ríkið.

Að öðru leyti telur LÍ ekki ástæðu til að bæta við fyrri umsögn. LÍ leggst eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.


Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

A handwritten signature in black ink, reading "Birna Jónsdóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

Birna Jónsdóttir,
formaður

Alþingi
Erindi nr. E /39/1294
komudagur 11.2.2011

Alþingi
Efnahags- og skattanevnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. febrúar 2011

Tilvísun: 2011020165DS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og skattanevndar Alþingis frá 7. febrúar 2011 þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (þskj. 378, 311. mál á 139. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Þ. Sveinsson', written in a cursive style.

Þórður Sveinsson



Hvammstanga 18. febrúar 2011

Umsögn Prestafélags Íslands um 311. mál

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Prestafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 311. mál.

Prestafélag Íslands þakkar fyrir að fá að gefa umsögn um þetta mál en gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið: Annars vegar að felldur sé niður kostur á að tjá um ástæður lausnar frá störfum og hins vegar að áminning sé ekki lengur skilyrði fyrir lausn frá störfum um stundarsakir.

Prestafélagið telur það orka mjög tvímælis að gera stjórnendum hjá hinu opinbera það auðveldara að losna við starfsfólk eins og gengur og gerist víða á almennum vinnumarkaði. Hjá hinu opinbera hefur þurft að fylgja ákveðnu ferli, skrifleg áminning, andmælaréttur o.s.frv. og hefur það verið gert til þess að tryggja að faglega sé að verki staðið þegar segja þarf upp starfsfólki. Prestafélagið telur mikilvægt að halda þessu ferli inni sem verið hefur bæði til að tryggja sanngjarna meðferð á málum starfsmanna og koma í veg fyrir geðþóttaákvæðanir yfirmanna eða forstöðumanna ríkisstofnanna.

F.h. Prestafélags Íslands
Magnús Magnússon, kjaramálafulltrúi PÍ.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1519
komudagur 25. 2. 2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	24. febrúar 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 7. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Svo sem frá er greint í greinargerð með ofangreindu frumvarpi þá eru í því lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Af þessu tilefni vill stofnunin nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli nefndarinnar á því að í janúar sl. gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um starfslok ríkisstarfsmanna og má nálgast hana á heimasíðu stofnunarinnar, ríkisendurskodun.is. Niðurstöður og ábendingar í skýrslunni eru m.a. þessar:

„Fjöldi ársverka ríkisstarfsmanna er nú liðlega 15 þúsund. Á undanförunum árum hafa laun og tengdur kostnaður verið um fjórðungur af útgjöldum ríkisins. Til að stuðla að því að þetta fé nýtist sem best og starfsemin sé eins hagkvæm og skilvirk og kostur er þurfa stjórnvöld að beita skynsamlegum aðferðum við mannauðsstjórnun.

Kveðið er á um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í lögum nr. 70/1996 (starfsmannalög). Lögin ná til allra þeirra sem starfa hjá ríkinu nema forseta, ráðherra, alþingismanna og starfsmanna opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins. Samkvæmt lögum njóta ríkisstarfsmenn verndar í starfi umfram launþega á almennum vinnumarkaði. Þessi vernd birtist m.a. í því að skylt er að veita ríkisstarfsmanni skriflega áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp, brjóti starfsmaðurinn af sér í starfi, sýni af sér háttsemi sem ekki er talin samræmast starfinu eða árangur hans er ófullnægjandi.

Rökin fyrir því að ríkisstarfsmenn eigi að njóta sérstakrar verndar í starfi eru einkum þau að nauðsynlegt sé að ríkisstarfsmaður geti sinnt starfsskyldum sínum án þess að þurfa að óttast að valdhafar á hverjum tíma beiti hann þrýstingi, t.d. með því að hóta, beint eða óbeint, að segja honum upp störfum. Tryggja þurfi að ríkisstarfsmenn verði ekki leiksoppar stundarhagsmuna eða fórnarlömb geðþóttaákvæðana.

Á undanförunum árum hefur því verið haldið fram að sú sérstaka vernd sem ríkisstarfsmenn njóta að þessu leyti geti komið niður á skilvirkni og árangri starfseminnar. Nauðsynlegt sé að auka sveigjanleika í starfsmannahaldi ríkisins til að stuðla að markvissri nýtingu fjármuna og góðri þjónustu við borgarana. Bent er á að reglur starfsmannalaganna um áminningar og uppsagnir séu í meginatriðum frá árinu 1954 þegar fyrst voru sett lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Síðan þá hafi aðstæður gjörbreyst, verkefni ríkisins séu orðin umfangsmeiri og í mörgum tilfellum sambærileg þeim sem eru á einkamarkaði. Þá hafi stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og setning stjórnvísulaganna aukið enn starfsöryggi ríkisstarfsmanna m.a. með reglum um

málsmeðferð, andmælarétt, rökstuðning ákvarðana og að þær verði að byggja á málefnalegum sjónarmiðum.

Könnun Ríkisendurskoðunar meðal forstöðumanna leiðir í ljós að ýmsar ástæður geta legið að baki því að áminningum er sjaldan beitt og að forstöðumenn grípa til annarra úrræða til að ná fram starfslokum. Þannig voru einungis 17 ríkisstarfsmenn áminntir á tímabilinu 2004–2009, þar af 3 forstöðumenn. Almennt er litið svo á að áminning skaði æru þess sem hana fær. Undir þetta sjónarmið er m.a. tekið í dómi Hæstaréttar. Ef marka má fyrrnefnda könnun Ríkisendurskoðunar meðal forstöðumanna telur t.d. mikill meirihluti þeirra að neikvætt viðhorf ríki innan opinbera geirans til áminninga og að það torveldi notkun þeirra. Þá geta margvíslegar ástæður verið fyrir því að frammistaða starfsmanns er ekki í samræmi við þær kröfur sem til hans eru gerðar. Til dæmis má hugsa sér að starfsmaður leggi sig allan fram um að sinna verkefnum sínum en skorti andlegt eða líkamlegt atgervi til að ná tilætluðum árangri. Að margra áliti er óviðeigandi að beita áminningum í slíkum tilvikum.

Ábendingar til fjármálaráðuneytis

1. Einfalda á málsmeðferð við uppsagnir ríkisstarfsmanna

Ríkisendurskoðun telur að breyta þurfi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og einfalda reglur þeirra um starfslok ríkisstarfsmanna. Endurskoða ætti skyldu til að áminna starfsmann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur, samkvæmt 1. mgr. 44. gr. starfsmannalaga, eða lausnar frá embætti, samkvæmt 26. gr. starfsmannalaga. Að mati Ríkisendurskoðunar tryggja stjórnvöld ríkisstarfsmönnum fullnægjandi réttarvernd í starfi. Þau atriði sem tilgreind eru í 21. gr. starfsmannalaga og skylt er að áminna fyrir verða grundvöllur uppsagnar þótt áminningarskyldan og það sem henni fylgir falli brott. Nefna má að í Danmörku eru þær ástæður sem geta verið grundvöllur uppsagnar ekki tilgreindar sérstaklega í kjarasamningum starfsmanna ríkisins eða í lögum um embættismenn. Almenna krafan er hins vegar að uppsagnir verði að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum.

2. Veita á lagaheimild til starfslokasamninga við ríkisstarfsmenn

Ríkisendurskoðun telur að veita elgi forstöðumönnum lagaheimild, að uppfylltum vissum skilyrðum sem fjármálaráðuneytið setur, til að gera samning við starfsmenn um að þeir haldi launum og öðrum kjörum í uppsagnarfresti þótt ekkert vinnuframlag komi þar á móti. Það getur reynst báðum aðilum erfitt að starfsmaður vinni uppsagnarfrestinn.


3. Kanna á hvort rétt sé að færa ákvæði starfsmannalaga í kjarasamninga

Ríkisendurskoðun telur að stjórnvöld eigi í samræði við hlutaðeigandi stéttarfélag að kanna hvort rétt sé að færa ákvæði um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna (annarra en embættismanna) í kjarasamninga að hluta eða að öllu leyti. Starfsmannalög eru ekki endurskoðuð reglulega og því er hættu á að þau haldi ekki í við þróun á sviði mannauðsstjórnunar. Þetta fyrirkomulag getur aukið sveigjanleika og gert aðilum kleift að taka á ýmsum málum í samningum, jafnóðum og þau koma upp.

4. Aðstoða þarf forstöðumenn betur í starfsmannamálum

Auka þarf aðstoð við forstöðumenn í starfsmannamálum. Sérstaklega á þetta við um forstöðumenn minnstu stofnananna sem eðli málsins samkvæmt hafa yfirleitt frekar verið ráðnir á grundvelli faglegar þekkingar en þekkingar á starfsmannamálum. Ekki er raunhæft að ætlast til þess að þeir séu sérfræðingar í mannauðsmálum enda eru starfsmannamál aðeins lítil hluti af starfsskyldum þeirra.

Ríkisendurskoðun vill aðeins ítreka þau sjónarmið, sem gerð er grein fyrir í ofangreindri skýrslu, en telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að taka sérstaka efnislega afstöðu til umrædds frumvarps.



Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2011 02-2011020016

T-ums 07/11

Alþingi

Erindi nr. P 139/1293

komudagur 11. 2. 2011

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum - 311. mál, þskj. 378.


Ríkisskattstjóri hefur þann 7. febrúar 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.


Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem miða að því að fella niður skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum eða þegar starfsmaður hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans vegna starfsins.

Það er álit ríkisskattstjóra að frumvarpið falli fyrir utan verksvið embættisins og telur af þeim ástæðum ekki tilefni til að gera athugasemdir við það út frá almennri skattframkvæmd.


Á hinn bóginn er það skoðun ríkisskattstjóra að fenginni reynslu af starfsmannahaldi að ákvæði laga nr. 70/1996 um möguleika stofnana til að segja upp slökum starfsmönnum séu alltof þröng og til þess fallin að lítt hæfir starfsmenn njóti óþarflega sterkrar verndar.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þóðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 139/1556
komudagur 2.3.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

28. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, 311. mál.

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með frumvarpinu er lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breytingarnar miða að því að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum eða þegar starfsmaður hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem leiðir af starfi hans.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var frumvarp sama efnis lagt fram af þáverandi fjármálaráðherra á 130. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Meðfylgjandi er umsögn Samtaka atvinnulífsins, dags. 26. janúar 2004, um það frumvarp.

Samtök atvinnulífsins styðja þá stefnumörkun að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði og auka sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins. Samtökin telja eðlilegt að sérreglur fyrir opinbera starfsmenn verði feldar niður og vinnumarkaðurinn gerður einsleitari. Með vísan til þessa og fyrri umsagnar mæla Samtök atvinnulífsins því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Guðjón Axel Guðjónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/876
komudagur 27.1.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi

Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 26.1.2004

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, 307. mál, þar sem lagt er til að skilyrði laganna um áminningu áður en starfsmanni verður sagt upp verði fellt niður og að slíkar ákvarðanir verði undanþegnar gildissviði stjórnarsýslulaga.

Tilgangur frumvarpsins er í samræmi við þá stefnumörkun að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði og auka sveigjanleika í rekstrarumhverfi í stofnana ríkisins. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að þeim markmiðum verði náð. Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru miklægt skref í þá átt.

Stofnanir ríkisins verða á sama hátt og fyrirtæki að geta brugðist við broti starfsmanns á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiða til að unnt verði að tryggja skilvirkni í rekstri og að ríkið hafi ávallt á að skipa sem hæfustu starfsfólki. Núgildandi reglur sem ekki gera neinn mun á hvort um er að ræða sök starfsmanns eða atvik sem honum verður ekki kennt um vinna beinlínis gegn því markmiði. Auk þess sem þær eru til þess fallnar að valda réttraóvissu og deilum þar sem málsmeðferð er mismunandi eftir því hvort uppsögn byggir á fyrrgreindum ástæðum eða rekstrarástæðum, svo sem sparnaði eða skipulagsbreytingu.

Ákvarðanir varðandi brot á starfsskyldum, um mat á frammistöðu og færni starfsmanns og uppsögn ef við á eru eðlilegur þáttur í starfsmannastjórnun. Slíkar ákvarðanir eru á hinn bóginn ekki þáttur í stjórnarsýslu ríkisins og því eðlilegt að stjórnarsýslulög taki ekki til þeirra eins og lagt er til í frumvarpinu.

Samtök atvinnulífsins hafa áður lýst þeim sambýlisvanda sem tvískipting vinnumarkaðarins, með ólík réttindi og ólíka launastefnu, veldur. Að opinberi vinnumarkaðurinn sé greindur frá hinum almenna vinnumarkaði með lögum, á þann hátt sem nú er, á ekki lengur rétt á sér að mati samtakanna. Eðlilegt sé að sérreglur fyrir opinbera starfsmenn verði felldar niður og vinnumarkaðurinn gerður einsleitari, sbr. rit SA, Bætum líf skjörin, útg. apríl 2003.

Samtök atvinnulífsins mæla því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Alþingi
Erindi nr. P 139/1457
komudagur 23. 2. 2011

Grettisgata 89
105 Reykjavík

Sími 525 8340
Fax 525 8349

sfr@sfr.is
www.sfr.is

Reykjavík, 21. febrúar 2011

Efni: Umsögn SFR stéttarfélags í almannapjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, þskj. 378 – 311.

SFR stéttarfélag í almannapjónustu gagnrýnir harðlega framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna.

Félagið hefur bent ítrekað á að krafa Ríkisendurskoðunar um breytingar á lögnum, sem við teljum undanfara þessa frumvarps, sé í hæsta máta ómálefnaleg og ósmekklegr.

Niðurstaða könnunar Ríkisendurskoðunar sýndi að stór hluti forstöðumanna hafði enga sérstaka þjálfun á sviði mannauðsmála og nýtti sér ekki þau mannauðsúrræði sem fyrir hendi eru. Þrátt fyrir það þá héldu þeir því fram að þeir gætu bætt þjónustu sinnar stofnunar með því að reka eldri starfsmenn og ráða nýja.

Frumvarpið hefur það einungis að markmiði að auðveldara sé að víkja fólki úr starfi og er þar er vegið ómaklega að opinberum starfsmönnum. Mikilvægt er nú sem endranær að launafólk sé varið gegn órökstuddum og ómálefnalegum uppsögnum.

SFR tekur undir með BSRB og átelur ríkisvaldið fyrir að hafa ekki haft samráð við samtök opinberra starfsmanna og reynt að leita leiða til þess að bæta stjórnunarhætti stjórnsýslunnar. Þessi tillaga til lagabreytinga er í hæsta máta vanhugsuð.

Árni Stefán Jónsson
Formaður SFR stéttarfélags í almannapjónustu



Sjúkraliðafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 139/1500
komudagur 25. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 22. febrúar 2011

Efni: Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, þskj. 378 – 311. mál

Sjúkraliðafélag Íslands leggst alfarið gegn frumvarpinu og óskar eindregið að það verði dregið til baka. Sjúkraliðafélag Íslands tekur undir umsögn BSRB frá 18. febrúar sl. og einnig sameiginlegari umsögn BSRB með BHM og KÍ vegna frumvarps sem var lagt fram á 130. löggjafarþingi, mál 307.

Á sama tíma og frumvarp þetta er lagt fram hefur opinberum starfsmönnum fækkað umtalsvert sökum niðurskurðar í opinberum rekstri. Aldrei hefur opinberum starfsmönnum verið mikilvægara en nú að það sé varið gegn órökstuddu ákvarðanavaldi stjórnenda.

Fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands


Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 139/1502
komudagur 25.2.2011



Starfsmannafélag
Dala og
Snæfellsnessýslu
Kennitala: 650690-
2229

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Grundarfjörður, 23. febrúar 2011

Efni: Umsögn SDS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 með síðari breytingum, þskj.378 - 311.mál.

SDS leggst alfarið gegn frumvarpinu og óskar þess eindregið að það verði dregið til baka. SDS mótmælir um leið að löggjafinn taki sér það vald í hendur að taka einhliða ákvörðun um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins án nokkurs samráðs eða raunverulegrar athugunar á því hvar vandinn liggji, ef hann er þá til staðar

Fyrir hönd SDS

Helga Hafsteinsdóttir
formaður SDS



STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

Alþingi
Erindi nr. D 139/1504
komudagur 25. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 23. febrúar 2011

Efni: Umsögn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, þskj. 378 – 311. mál

Félagið leggst alfarið gegn frumvarpinu og óskar þess eindregið að það verði dregið til baka. Samkvæmt núgildandi ákvæðum hvílir sú skylda á aðilum á vinnustað að ræða ágreiningsmál af ýmsum toga, sem upp koma. Reynsla St.Rv. þar sem það hefur haft aðkomu að slíkum málum er sú að menn leggja sig fram um að finna lausnir þar sem hægt er. Með niðurfellingu þessara ákvæða fellur þetta tækifæri niður. Það er afturför.

Því vill félagið heils hugar taka undir umögn BSRB um frumvarpið.

F.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar


Garðar Hilmarsson formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1529
komudagur 28.2.2011



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs) (311. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um uppsögn starfsmanna ríkisins.

Viðskiptaráð Íslands fagnar þeim breytingum sem ofangreint frumvarp felur í sér. Með þeim breytingum sem hér er mælt fyrir er starfsumhverfi starfsmanna ríkisins fært nær því umhverfi sem er á hinum almenna vinnumarkaði. Viðskiptaráð mælti fyrir samþykkt frumvarpsins þegar það var lagt fyrir á 130. löggjafarþingi og gerir það aftur hér. Mikilvægt er að sömu almennu reglur gildi um vinnumarkaðinn í heild sinni og gætt sé jafnræðis í hvívetna.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands